

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 28. desember 1994

um bráðabirgðaráðstafanir sem gera skal í Austurríki með tilliti til dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem eru fluttar inn til Austurríkis frá þriðju löndum

(94/971/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með a-lið 1. mgr. I. hluta E-liðar V. kafla I. viðauka við lögum um aðildarskilmála konungsríkisins Noregs, lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið er grundvallað á, einkum 18. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Austurríki skal hafa þriggja ára frest til að taka upp skoðunarfyrikomulagið sem kveðið er á um í I. kafla tilskipunar 90/675/EBE. Nauðsynlegt er að skilgreina bráðabirgðaráðstafanir sem eiga að gilda á því tímabili.

Þar til viðeigandi grunnvirki eru til reiðu á ytri landamærum skal kveða á um skoðunarstaði í tengslum við landamærastöðvar á ytri landamærum. Af þeirri ástæðu ber að aðlaga viðkomandi ákvæði I. kafla tilskipunar 90/675/EBE.

Ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun eiga að tryggja að yfirvöld í Austurríki viðhafi allt tilskilið eftirlit.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Með tilliti til skipulagningar og framhalds eftirlits (I. kafla tilskipunar 90/675/EBE) skal Austurríki beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1997.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.

2. Ákvörðun þessi hefur ekki áhrif á þann möguleika að skoðunarstöð á landamærum verði tilgreind í skránni sem kveðið er á um í 9. gr. tilskipunar 90/675/EBE.

2. gr.

1. Afurðir frá þriðju löndum sem eru fluttar inn á yfirráðasvæði lýðveldisins Austurríkis skulu fara um eina af þeim landamærastöðvum sem eru taldar upp í viðaukanum.

2. Yfirvöld í Austurríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að beita viðurlögum vegna allra brota einstaklinga eða lögpersóna á ákvæðum 1. mgr. Í alvarlegustu tilvikum geta slíkar ráðstafanir leitt til þess að afurðum verði fargað.

3. gr.

1. Til hvernar landamærastöðvar heyrir skoðunarstaður, í samræmi við viðaukann. Dýraheilbrigðisþjónustan sem sér um landamæraeftirlitið skal bera ábyrgð á hverri landamærastöð og tilheyrandi skoðunarstað.

2. Afurðir skulu þegar í stað fluttar undir tolf eftirliti frá landamærastöðinni til tilheyrandi skoðunarstaðar. Auk þess skal lögbæra yfirvaldið á landamærastöðinni tilkynna opinbera dýralækninum á skoðunarstaðnum með símbrefi um hverja sendingu sem fer frá landamærastöðinni. Á sama hátt skal opinberi dýralæknirinn tilkynna lögbæra yfirvaldinu á landamærastöðinni með símbrefi um komu hvernar sendingar.

3. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gilda að breyttu breytanda.

4. gr.

1. Ákvæði 3. gr. tilskipunar 90/675/EBE skulu gilda.

2. Ákvæði 4. gr. tilskipunar 90/675/EBE og nákvæmar reglur um beitingu þeirra skulu gilda.

Samt sem áður gildir eftirfarandi:

— hugtakið „landamærastöð“ í 2. mgr. 4. gr. er óbreytt,

— í stað orðanna „starfsmenn dýraheilbrigðiseftirlits skoðunarstöðvar á landamærum“ í 4. mgr. 4. gr. komi „lögbært yfirvald á landamærastöð“.

3. Ákvæði 5., 6. og 7. gr. tilskipunar 90/675/EBE og nákvæmar reglur um beitingu þeirra skulu gilda.

4. Ákvæði 8. og 10. gr. tilskipunar 90/675/EBE og nákvæmar reglur um beitingu þeirra skulu gilda. Í stað hugtaksins „skoðunarstöð á landamærum“ komi þó „skoðunarstaður“.

5. Ákvæði 11. gr. tilskipunar 90/675/EBE og nákvæmar reglur um beitingu þeirra skulu gilda. Í stað hugtaksins „skoðunarstöð á landamærum“ komi þó „skoðunarstaður“.

6. Ákvæði 12., 13., 14., 15., 16., 17. og 18. gr. tilskipunar 90/675/EBE og nákvæmar reglur um beitingu þeirra skulu

gilda. Í stað hugtaksins „skoðunarstöð á landamærum“ komi þó „skoðunarstaður“.

5. gr.

Ákvörðun þessi gildir með fyrirvara um og frá gildistöku-degi sáttmálans um aðild Noregs, Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. desember 1994.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

René STEICHEN

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

Landamærastöð	Skoðunarstaður	Flokkar dýraafurða sem um ræðir
Berg (þjóðvegur)	Frigoscandia Franzosengraben A-1030 Wien	Allar afurðir til manneldis
	Frigoscandia Seitenhafenstraße A-1020 Wien	Allar afurðir til manneldis
	Vereinigte Eisfabriken & Kühlhallen Passettistraße 76 A-1200 Wien	Allar afurðir
	Unifrost Enzersdorf Marchfelderstraße 2 A-2301 Gross	Allar afurðir til manneldis
	Glatte An der Bundesstraße 331 A-7023 Pöttelsdorf	Allar afurðir til manneldis
Nickelsdorf (þjóðvegur)	Frigoscandia Franzosengraben A-1030 Wien	Allar afurðir til manneldis
	Frigoscandia Seitenhafenstraße A-1020 Wien	Allar afurðir til manneldis
	Vereinigte Eisfabriken & Kühlhallen Passettistraße 76 A-1200 Wien	Allar afurðir
	Unifrost Enzersdorf Marchfelderstraße 2 A-2301 Gross	Allar afurðir til manneldis
	Glatte An der Bundesstraße 331 A-7023 Pöttelsdorf	Allar afurðir til manneldis
Deutschkreutz (þjóðvegur)	Frigoscandia Franzosengraben A-1030 Wien	Allar afurðir til manneldis
	Frigoscandia Seitenhafenstraße A-1020 Wien	Allar afurðir til manneldis
	Vereinigte Eisfabriken & Kühlhallen Passettistraße 76 A-1200 Wien	Allar afurðir
	Glatte An der Bundesstraße 331 A-7023 Pöttelsdorf	Allar afurðir til manneldis
	Spielfeld (þjóðvegur)	Kühlhaus Strobl Lagergasse 132 A-8020 Graz
Vieh-Fleisch-Stüd Graz Lagergasse 158 A-8020 Graz		Allar afurðir
Steir. Geflügel Schlacht- & VertriebsgmbH A-8350 Fehring		Allar alifuglaafurðir

Landamærastöð	Skoðunarstaður	Flokkar dýraafurða
Karawankentunnel (þjóðvegur)	Kühlhaus Marcher Magdalenstraße 57 A-9500 Villach	Allar afurðir til manneldis
	Städtischer Schlachthof Schlachthofstraße 20 A-9020 Klagenfurt	Allar afurðir
Drasenhofen (þjóðvegur)	Frigoscandia Franzosengraben A-1030 Wien	Allar afurðir til manneldis
	Frigoscandia Seitenhafenstraße A-1020 Wien	Allar afurðir til manneldis
	Vereinigte Eisfabriken & Kühlhallen Passettistraße 76 A-1200 Wien	Allar afurðir
	Unifrost Enzersdorf Marchfelderstraße 2 A-2301 Gross	Allar afurðir til manneldis
Wullowitz (þjóðvegur)	Hietler Eisengasse A-4240 Freistadt	Allar afurðir til manneldis
	Zollfreizonen-Betriebs-GmbH Linz A-4020 Linz	Allar afurðir
Tisis (þjóðvegur)	Schlachthof Schlachthausstraße 6 A-6850 Dornbirn	Allar afurðir
Höchst (þjóðvegur)	Schlachthof Schlachthausstraße 6 A-6850 Dornbirn	Allar afurðir
	Kühl-Alge Bahnhofstraße 4 A-6922 Wolfurt	Allar afurðir til manneldis
Hegyeshalom (járnbraut)	Hegyeshalom (járnbraut)	Allar afurðir til manneldis
	Frigoscandia Franzosengraben A-1030 Wien	Allar afurðir til manneldis
Hohenau (járnbraut)	Hohenau (járnbraut)	Ókældar afurðir ekki til manneldis
Sopron (járnbraut)	Sopron (járnbraut)	Allar afurðir
Villach-Süd (járnbraut)	Villach-Süd (járnbraut)	Ókældar afurðir
Buchs (járnbraut)	Buchs (járnbraut)	Ókældar afurðir
Schwechat (flugvöllur)	Schwechat (flugvöllur)	Allar afurðir
Linz (flugvöllur)	Linz (flugvöllur)	Allar afurðir
Hafen Albern <sup>(1)</sup> (höfn)	Hafen Albern (höfn)	Ókældar afurðir ekki til manneldis

<sup>(1)</sup> Yfirvöld í Austurríki skulu láta framkvæmdastjómna og hin aðildarríkin vita þegar umferð um Dóná hefst að nýju og þessi landamærastöð og tilheyrandi skoðunarstaður er opnaður.